

## 114. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar þriðjudaginn 10. febrúar 2009, kl. 17: 00 í Ráðhúsi Stykkishólmsbæjar.

Mætt voru: Ásgeir Gunnar Jónsson, Eydís B. Eypórsdóttir, Helgi B. Haraldsson, Björgvin Ólafsson og Bjarnfríður Vilhjálmisdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Deiliskipulagstillaga af tjaldsvæði og golfvelli.  
Stykkishólmsbær leggur fram tillögu að deiliskipulagi á tjaldsvæði og golfvelli sem sýnir m.a. staðsetningu á þjónustuhúsi tjaldsvæðis, breytta aðkomu að golfskála og lóðarmörk samkvæmt uppdrætti frá Arkitektarstofu OG, dags. 10.02.2009.  
Nefndin leggur til að deiliskipulagstillagan verði auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags - og byggingarlaga. Nefndin vill áréttta fyrri afgreiðslu nefndarinnar frá dags. 20.01. 2009.
2. Arnarborg 2. Gestahús.  
F.h. Skipavíkur Sævar Harðarsson sækir um að byggja gestahús á lóðinni við Arnarborg nr. 2, sbr. teikningar frá Glámu Kím, Bæring Bjarnar Jónssyni dags. 10.02.2009. Stærðir: 29,4 m<sup>2</sup>, 100,3 m<sup>3</sup>.  
Erindi samþykkt með fyrirvara á gildistöku deiliskipulags dags.10.02'09.
3. Silfurgata 27. Endurnýjun á byggingarleyfi frá 18. maí 2005.  
María Inga Hannesdóttir óskar eftir endurnýjun á leyfi fyrir, endurbótum á þaki og að endurbyggja og stækka forstofu húss að Silfurgötu 27, samkvæmt teikningum frá Sveini Ívarssyni arkitekt dags 12. apríl 2005. Auk þess er óskað eftir að það verði 2 bílastæði á lóðinni sbr. afstöðumynd. Samtals 9 m<sup>2</sup>, 29.4m<sup>3</sup>. Gjald kr. 54.286.-  
Erindi samþykkt en samráð skal hafa við lóðarhafa aðliggjandi lóðar um frágang á bílastæðum á lóðarmörkum.
4. Lágholt 19. Bílastæði og lóðarbreyting.  
Hildibrandur Bjarnason óskar eftir leyfi til að endurnýja glugga í íbúðarhúsi og fjölga bílastæðum á lóð og hækka lóð norðan til við húsið með steinhleðslu sbr. tillögur dags. 6.02. 2009.  
Nefndin tekur jákvætt í erindið. Hafa skal samráð við byggingarfulltrúa og lóðarhafa aðliggjandi lóða við framkvæmdir á lóðarmörkum. Gjöld kr. 3000.-
5. Hafnargata 9. Frágangur á lóð.  
F.h. Sæfells hf /Gunnlaugur Árnason óskar eftir m.a. að helluleggja fyrir framan anddyri og leggja grjóthleðslu eftir gangstétt á lóðarmörkum sbr. bréf og teikn. dags. 4.02.'09.  
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr. 3000.-

6. Nýrækt. Fyrirspurn um að byggja fjárhús.  
Benedikt Frímannsson óskar eftir að byggja fjárhús á nýræktarbletti sem Nýræktarfélagið hefur úthlutað honum sbr. bréf mótt.10.02.'09.  
Nefndin samþykkir að veita stöðuleyfi á fjárhúsi og vísar erindi til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Gjöld kr. 6000.-
  
7. Silfurgata 22. Endurnýjun á byggingarleyfi frá 21.maí 2007.  
Gunnar Már Gestsson og Eyrún María Guðmundsdóttir sækja um endurnýjun á byggingarleyfi til að byggja við húsið að Silfurgötu nr. 22, samkvæmt teikningum frá Hjörleifi Sigurþórssyni dags. 26.03.'07. Erindið var grenndarkynnt fyrir eigendum húsa við Silfurgötu 20 og 24 A og engar athugasemdir bárust. Stærðir 15m<sup>2</sup>. 38,5m<sup>3</sup>. Gjöld samtals kr. 63.057.-  
Endurnýjun á leyfi samþykkt.
  
8. Önnur mál.

BV.